

SKÁTAPING 2026 - FRESTUN



Kæri skáti,

Vegna vályndra veðurskilyrða og ráðleggingar frá veðurfræðingum, hefur stjórn BÍS ákveðið að fresta Skátapingi fram til 10. - 12. apríl næstkomandi.

Við áttum okkur á því að þetta er ekki óskastaða en við teljum óráðlegt að stefna fjölda skáta í langferð norður á Akureyri þegar útlit er fyrir mjög mikilli röskun á færð og hugsanlega ófærð yfir heiðarnar, sem skapar þannig óþarfa hættu fyrir ferðalanga. Við stefnum brött á Akureyri í apríl, með hækkandi sól og vonandi betra veðri.

Opnað verður aftur fyrir skráningu fyrir þau félög sem vilja bæta við þingfulltrúum en afskráningar þurfa að sendast með tölvupósti á [Skátamiðstöðina](#). Skráning lokar viku fyrir þing, þann 3. apríl klukkan 20:30.

Aðrir lögbundnir frestir haldast óbreyttir enda þegar liðnir og eingöngu um breytingu á dagsetningu að ræða.

Ef breyting á þingfulltrúum hefur áhrif á kjörbréf félaga sem þegar hafa skilað því inn biðjum við ykkur að [fylla út nýtt á heimasíðunni](#).

Þurfi félögin aðstoð vegna breytinga á gistingu og þess háttar, þá endilega hafið samband við Skátamiðstöðina sem mun aðstoða eftir fremsta megni.